



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldin í húsnæði Þyts þann 6. September 2022.

Fundur hófst: 20:10

Fundi slitið: 23:30

**Fundinn sátu:** Markús, Arnar, Helga Veronica og Rán

Funargerð ritaði: Rán

### Dagskrá

#### 1. Greiða atkvæði um fundargerðir

- a. Fundargerð frá 9. Ágúst samþykkt

#### 2. Fjárhagsáætlun 2023

- a. Senda þarf fjárhagsáætlun fyrir 15. September. Stjórn fór yfir fjárhagsáætlun og er hún samþykkt af hálfu stjórnar.

#### 3. Smíði á kerrum til bátaflutninga

- a. Smíða þarf kerrur fyrir bæði kænur og kayka og hugmyndin er að smíða kerru sem hægt er að nýta undir bæði með því að skipta um grind á kerrunni. Það þarf að smíða einnig kerru fyrir optimist. Kostnaðurinn við að smíða eina kerru er 200.000,- Stjórn veitir leyfi fyrir smíðum á 2 kerrum upp á 400.000 í heildina.

#### 4. Staða starfs ungmenna hjá Þyt veturinn framundan

- a. Ungmenni með sérþarfir úr þremur skólum eru að mæta og upplýsti Markús hvernig það gengi.

#### 5. Verkefni vetrarins

- a. Markús ætlar að taka saman lista yfir verkefni sem fara þarf í vetur og við þurfum að forgangsraða þeim en það er í mörg horn að líta.

#### 6. Önnur mál

- a. Umræðum um kaup á SUP bretti haldið áfram. Tilboð í bretti hjá Natur Iceland, fáum 10% afslátt ef við tökum 2 bretti en verðin á þeim brettum er 129.000,-
- b. Kaupum á SUP frestað þar til ný stjórn tekur við og vonast er til að fjármagn fáið fyrir þetta frá Hafnarfjarðarbæ þar sem kaup á brettum voru sett í fjárhagsáætlun.